

STARFSLEYFI FYRIR
Atlantsolíu ehf.
Sunnukrika 2, Mosfellsbæ.
Kennitala 590602-3610

Gefið út af Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Starfsleyfið gildir frá 2. mars 2020 til 2. mars 2032.

1. Almenn ákvæði

1.1 Gildissvið

Starfsleyfi þetta gildir fyrir sjálfsafgreiðslu bensínstöð Atlantsolíu að Sunnukrika 2, Mosfellsbæ. Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar er heimilt að færa starfsleyfið á viðkomandi án þess að nýtt leyfi verði gefið út, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.2 Gildistími og endurskoðun

Starfsleyfið er veitt til tólf ára í senn en unnt er að endurskoða það á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Verði meiri háttar breytingar á rekstrinum, á húsnæði eða breyting sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlitsins ber að sækja um starfsleyfi að nýju. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið gildir frá 2. mars 2020 til 2. mars 2032.

2. Meðferð hættulegra efna

2.1 Almenn

Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess gætt að þau hvorki berist í niðurföll, jarðveg eða andrúmsloft né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

2.2 Umbúðir hættulegra efna

Umbúðir hættulegra efna skulu merktar samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 236/1990 m.s.b. um flokkun og merkingu eiturefna, hættulegra efna og vörutegundum sem innihalda slík efni.

2.3 Skiptireglan

Efni sem notuð eru þannig að hætta er á að þau geti valdið mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum, sem hafa skaðlega áhrif á menn og umhverfi, fyrir efni sem eru minna skaðleg.

2.3 Geymsla

Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í læstum og loftræstum hirslum.

3. Varnir gegn mengun ytra umhverfis

3.1 Almenn

Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt. Mengunarvarnir skulu vera samþættar skv. ákvæðum 14. greinar í reglugerð nr. 785/1999.

3.2 Mengunarvarnabúnaður

Allur búnaður skal uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Til viðbótar skal vera eftirfarandi búnaður:

- 3.2.1. Viðvörðunarbúnaður vegna mengunaróhappa og olíuleka.
- 3.2.2. Viðurkenndar lekavarnir umhverfis niðurgrafna eldsneytistanka, afgreiðsludælur og lagnir frá birgðatanki til afgreiðslubúnaðar.

Olíumengað afrennslisvatn þ.m.t. afrennsli skal leiða í fullnægjandi olíuskilju, frágangur á þessum búnaði skal vera í samráði við heilbrigðisfulltrúa. Um stærð og gerð olíuskilju fer skv. leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.

3.3 Athafnasvæði

Rekstaraðili skal halda athafnasvæði sínu hreinu og snyrtilegu. Staðsetning geymslugáma er háð leyfi hlutaðeigandi byggingayfirvalda. Sorphirslur og ílát undir úrgang skulu standast kröfur heilbrigðiseftirlitsins. Flokka skal allan úrgang eftir því sem tók eru á til endurvinnslu.

3.4 Loftun

Afsog frá lyktar- og leysiefnauppsprettum skal leitt upp fyrir þakbrún og hærra ef þörf krefur.

3.5 Úrgangur

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni og annan úrgang sem verður til við starfsemina skal skrá í samræmi við reglugerð nr. 184/2002, um skrá yfir spilliefni og annan úrgang og skila til viðurkenndrar móttöku. Á umbúðum spilliefna skulu koma fram upplýsingar um eiginleika, samsetningu og magn úrgangsins auk merkinga í samráði við

spilliefnamóttökuna. Ísogsbúnað eða -efni skal hafa til taks og nota ef spilliefni leka á gólf. Olíumengaðan jarðveg ber að líta á sem spilliefni og meðhöndla sem slíkan.

4. Eigið eftirlit

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Það skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.

- Reglulegt eftirlit skal vera með birgðatönkum og lögnum til að kanna leka.
- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði, þ.m.t. niðurstöður úr reglulegu eftirliti með athyglisröri lekavarna (eftirlitsbrunni) og olíuskilju.
- Tæmingu olúgildru ásamt staðfestingu flutningsaðila eða móttökustöðvar
- Magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.
- Reikna út rýrnun skv. birgðabókhaldi.

4.2 Viðbragðsáætlanir

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlun til þess að taka á hugsanlegum hættum vegna bráðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar. Starfsfólk skal þekkja viðbragðsáætlunina. Geri hún ráð fyrir notkun sérstaks búnaðar skal tryggt að starfsfólk hafi hlotið þjálfun í notkun búnaðarins. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

4.3 Starfsemi hætt

Fyrirtækið skal gera áætlun er varða leka vegna bilana, tímabundna stöðvun og endanlega stöðvun rekstrar ef hætta stafar af þessum þáttum eða vegna ófyrirsjáanlegra atvika sem valda því að ekki er hægt að fara að öllum ákvæðum í starfsleyfi í tiltekin tíma í samræmi við gr. 15. 7 í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi. Áætlun skal senda heilbrigðiseftirliti áður en starfsemi hefst.

4.4 Tilkynningar til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert yfirlit um niðurstöður mælinga og skráninga skv. innra eftirliti ársins á undan. Verði bilun óhapp eða slys, sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á mönnum eða umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé aðgerða. Einnig skal tilkynna eftirlitsaðila um slík tilfelli ef hætta er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

5. Gjaldskylda

Starfsemi þessi er flokkuð skv. fylgiskjali II í reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsemin flokkast skv. Ísatflokkunarkerfinu með númerið 25 21 01. Fyrirtækið greiðir Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits umfram áætlun greiðist sérstaklega. Gjöld eru innheimt skv. gjaldskrá eftirlitsins

6. Gildistaka

Starfsleyfi þetta tekur gildi skv. ákvörðun Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis. Ákvörðun um veitingu starfsleyfis er heimilt að kæra til fullnaðarúrskurðar ráðherra innan tveggja vikna frá ákvörðun úrgefanda.

Fylgiskjal:

Greinargerð vegna starfsleyfisútgáfu í samræmi við 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit.

Umsókn um starfsleyfi barst þann 5. nóvember 2019 og var umsókn auglýst á vef Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis. Starfsleyfisskilyrði voru unnin í framhaldi og kynnt rekstaraðila í tölvupósti. Starfsleyfisskilyrðin voru auglýst á vef Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis frá 6. febrúar – 27. febrúar 2020. Engar athugasemdir bárust.

Með vísun til 4. gr. samþykktar nr. 1300/2019 gefur framkvæmdastjóri út nýtt starfsleyfi Atlantsolíu ehf. fyrir sjálfsafgreiðslu á eldsneyti að Sunnukrika 2, Mosfellsbæ. Nýtt starfsleyfi verður kynnt heilbrigðisnefnd á næsta fundi nefndarinnar.

2. mars 2020

Þorsteinn Narfason,
framkvæmdastjóri.